

Fundur í stjórn Minjasafns Austurlands, haldinn í Safnahúsinu, Laufskógum 1, fimmtudaginn 1. nóvember kl. 16:00.

Mætt: Ásdís Helga Bjarnadóttir formaður, Kristjana Björnsdóttir varaformaður, Steinar Ingi Þorsteinsson ritari, Guðrún Ragna Einarsdóttir og Elsa Guðný Björgvinsdóttir safnstjóri. Þórdís Sveinsdóttir boðaði forföll og varamaður einnig.

Dagskrá:

1. Skoðunarferð um húsakynni safnsins
2. Galtastaðir fram
3. Kjarvalshvammur – staðan á framkvæmdum
3. Byggðaaætlun 2018-2014, umræða um ábyrgðarsöfn og sameiningar safna.
4. Aðgangseyrir
5. Skýrsla safnstjóra
6. Önnur mál.

1. Skoðunarferð um húsakynni safnsins

Stjórn skoðaði húsakynni safnsins að Tjarnarási 9 og Laufskógum 1 í fylgd safnstjóra.

2. Galtastaðir fram

Elsa Guðný sagði frá heimsókn Margrétar Hallgrímsdóttur Þjóðminjavarðar en þær fóru ásamt Ásdísi Helgu og Óðni Gunnari Óðinssyni atvinnu- og menningarfulltrúa Fljótshéraðs í Galtastaði fram þar sem framtíðaráætlanir Þjóðminjasafnsins varðandi bæinn voru ræddar. Eins og áður hefur komið fram hefur Þjóðminjasafnið áhuga á samstarfi við Minjasafnið um rekstur bæjarins þegar framkvæmdum þar er lokið. Fyrirhugað er að Margrét komi aftur austur síðar í haust ásamt starfsmönnum húsasviðs Þjóðminjasafnsins til að ræða þessi mál frekar við fulltrúa safnsins og Fljótshéraðs.

3. Kjarvalshvammur – staðan á framkvæmdum.

Elsa Guðný kynnti stöðuna á framkvæmdum í Kjarvalshvammi sem hófust í september. Húsið var hýft upp og fært til hliðar, eldri undirstöður voru fjarlægðar og í staðinn settir forsteyptir sökkulbitar. Þverbitar voru settir á milli sökkulbita til styrktar. Þá á einnig að gera við gólfbita og fótstykki. Framkvæmdum stjórnaði Björn Björgvinsson og honum til fulltingis var Magnús Snær Eiríksson.

Styrkir sem fengust til verksins munu duga fyrir þessum framkvæmdum en ljóst er að skipta þarf um klæðningu á a.m.k. tveimur hliðum hússins auk þess sem burðargrind þarfnast viðgerðar.

Safnstjóra falið að gera kostnaðaráætlun fyrir þeim framkvæmdum sem þarf til að klára viðgerðir. Í kjölfarið verði metið hvernig þær verði fjármagnaðar.

3. Byggðaaætlun 2018-2014, umræða um ábyrgðarsöfn og sameiningar safna.

Elsa Guðný kynnti grein í nýsamþykktri byggðaaætlun þar sem fram kemur að: „Landshlutasamtökum sveitarfélaga verði falið að gera fýsileikakönnun um aukið samstarf eða sameiningu safna á sínu svæði í samstarfi og samráði við höfuðsafn og viðurkennt safn með vísan til 13. gr. safnalaga, nr. 141/2011, auk safnaráðs. Árangur af verkefninu verði mældur í fjölda safna sem hefja samstarf eða sameinast.“

4. Aðgangseyrir

Rætt um gjaldskrá safnsins fyrir næsta ár. Ákveðið að hún verði eftirfarandi og taki gildi 1. janúar 2019

Fullorðnir: 1200 kr.

Börn yngri en 18 ára: frítt

Eldri borgarar, öryrkjar, námsmenn: 1000 kr.

Hópar: 10 eða fleiri: 900 kr.

Móttökur: 30.000 kr. (aðgangur að safni og umsýsla)

5. Skýrsla safnstjóra

- Heimsókn atvinnu- og menningarnefndar Fljótsdalshéraðs

Atvinnu- og menningarnefnd Fljótsdalshéraðsheimsótti söfnin í safnahúsinu 24. september og kynnti sér starfsemi þeirra.

- Barnamenningarhátíðin BRAS

Minjasafnið tók þátt í barnamenningarhátíðinni BRAS sem fram fór á öllu Austurlandi í september. Ópið hús var í safninu að lokinni opnunarhátíð hátíðarinnar sem fór fram í Valaskjálfi. Boðið var upp á barnaleiðsögn um sýningarnar Nr2. Umhverfing og Austfirskt fullveldi – Sjálfbært fullveldi?

Þá stóð safnið einnig fyrir viðburði undir yfirskriftinni BRAS-að á Minjasafninu þar sem börnum og foreldrum gafst kostur á að grafa eftir fornleifum, spreyta sig á leikjum og þrautum frá fyrri tíð og máta víkingaföt. Þá leiddi Berglind Agnarsdóttir sagnakona gesti um sýninguna Austfirskt fullveldi – sjálfbært fullveldi? og sagði sögur.

- Kona á skjön

Sýning um rithöfundinn Guðrúnu frá Lundi var opnuð í Safnahúsinu 23. september. Sýningin var sett upp á vegum Bókasafnsins í samstarfi við hin söfnin í húsinu. Fjölmenni var við opnunina þar sem sýningarhöfundar fluttu erindi og boðið upp á svokallað „kaffikviss“ sem er spurningakeppni þar sem spurt var um bækur Guðrúnar. Sýningin mun standa út nóvember.

- Framundan:

Jólasýning: Jólasýningin að þessu sinni mun bera yfirskriftina „Jólagluggi Verslunar Pálínu Waage“ en safnið geymir marga muni úr þeirri merku búð. Ætlunin er að setja

upp eins konar búðarglugga með jólavörum úr búðinni í skápum fyrir framan Bókasafnið.

Jólagleði Þjónustusamfélagsins: Í dag liggur ekki fyrir hvort jólagleði Þjónustusamfélagsins á Héraði mun fara fram í ár. Ef af verður mun safnið taka þátt með svipuðum hætti og undanfarin ár en ef ekki mun safnið bjóða upp á einhvern annan fjölskylduviðburð á aðventunni.

Fullveldisafmæli: Þann 1. desember verða hátíðarhöld í Menntaskólanum á Egilsstöðum í tilefni af 100 ára afmæli fullveldis Íslands. Hátíðarhöldin eru hluti af verkefninu Austfirskt fullveldi – sjálfbært fullveldi? sem Minjasafnið tekur þátt í ásamt fleiri mennta- rannsóknar- og menningarstofnunum á Austurlandi.

Fjallkonan: Fyrirhugað er að Rannveig Þórhallsdóttir, fornleifafræðingur, flytji fyrirlestur hér í Safnahúsinu um niðurstöður rannsókna sinna á Fjallkonunni svokölluðu. Tímasetning ekki ákveðin.

Stjórnin fagnar því hvað það er blómlegt starf á vegum safnsins.

6. Önnur mál.

Elsa Guðný sagði frá fundi sem forstöðukonur safnanna í Safnahúsinu áttu með Birni Ingimarssyni bæjarstjóra, Óðni Gunnari Óðinssyni atvinnu- og menningarfulltrúa og Kjartani Róbertssyni yfirmanni eignasjóðs Fljótsdalshéraðs um framkvæmdir við burst tvö á Safnahúsinu.

Stjórnin fangar því að málið sé komið á rekspöl.

Næsti fundur stjórnar áætlaður í febrúar.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 17:30
Fundargerð ritaði Steinar Ingi Þorsteinsson